



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

2. tbl. mars 2014



Uppsveitabrosið
2013
Sveitar Stjórarn
Sveitarstjórnir íslenskra sveitarfélaga
Afgreiðsla

Meðal efnis:

Uppsveitabrosið	5
Erlent samstarf í félagsþjónustu	6
Heimsókn frá Færeyjum	10
Diplómanám í leikskólafræðum	14
Mat á umhverfisáhrifum	18
Sveitarstjórnarkosningar	22


Upplýsingar úr samanlögðum ársfjórðungs- upplýsingum fyrir árin 2012 og 2013

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum frá Hagstofu Íslands hafa heildarútgjöld sveitarfélaga til hefðbundinna málaflokka aukist um ca. 8,3 % milli árunna 2012 og 2013.




Þar kemur fram að útgjöld til fræðslu- og uppeldismála taka ríflega 45% af öllum útgjöldum sveitarfélaganna en mesta breytingin á milli ára eru útgjöld til atvinnumála.

Hér er um að ræða óendurskoðaðar upplýsingar sem fluttar eru rafrænt úr bókhaldi sveitarfélaganna til Hagstofu Íslands.

Þróun milli ára er mismunandi eftir málaflokkum eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



FJÁRMÁL



Birtingaráætlun hag- og upplýsingasviðs

Hag- og upplýsingasvið sambandsins hefur frá áramótum gefið út fjögur fréttabréf sem birt eru á [vefsíðu sambandsins](#).

Í janúar kom út skýrsla um fjárhagsáætlunir sveitarfélaga 2014.

Í febrúar kom út skýrsla um fjármálaráðstefnu dönsku sveitarfélaganna, en Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, sótti ráðstefnuna.

Í mars komu síðan út tvö rit, annars vegar um niðurstöður þriggja ára fjárhagsáætlana 2014-2017 og hins vegar um útkomuspá

fyrir árið 2013. Ritin má nálgast með því að smella á tenglana við myndirnar hér að ofan.

Öll ritin eru, sem fyrr segir aðgengileg á vef sambandsins en einnig hefur hag- og upplýsingasvið sett fram birtingaráætlun fyrir árið 2014. Þar kemur m.a. fram að fyrirhugað er að Árbók sveitarfélaga og Skólaskýrslan komi út 9. október og Félagsþjónustuskýrslan komi út 1. desember.

Birtingaráætlunina má sjá í heild sinni á [vefsíðu hag- og upplýsingasviðs](#).

FJÁRMÁL

Fjárhagslegar upplýsingar um sveitarfélögin á vef sambandsins


Á [heimasíðu sambandsins](#) er að finna ýmsar fjárhagslegar upplýsingar um sveitarfélögin. Þar ber einna helst að benda á upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga. Birtar eru upplýsingar um rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi hjá hverju og einu sveitarfélagi. Einnig er birt sundurliðun á rekstri þeirra þar sem farið niður á einstakar rekstrareiningar. Þannig er hægt að sjá hvert stefnir í útgjöldum sveitarfélaganna og jafnframt að skoða samanburð á milli þeirra. Má þar nefna rekstur grunnskóla, leikskóla, félagsmála og menningarmála, svo dæmi sé tekið. Hægt er velja tiltekin ár og skoða þannig þróunina í útgjöldum sveitarfélaganna milli ára. Talnasafnið hefst á árinu 2002 en það ár er fyrsta árið sem reikningsskil sveitarfélaga voru gerð upp eftir breyttum reikningsskilareglum.

Tölulegar upplýsingar eru birtar annars vegar á excel formi (aðallega í pivot töflum) og hins vegar í sérstöku vefmóti sem kallast PxWeb. Það kerfi er mjög þægilegt til að velja gögn úr stórum talnasöfnum.

Ýmsar lýðfræðilegar upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu sambandsins eins og t.d. upplýsingar um íbúafjölda,

aldursdreifingu, stöðugildi hjá sveitarfélögunum o. fl.

Á heimasíðunni er einnig að finna ýmsar skýrslur sem sambandið hefur gefið út. Má þar nefna Árbók sveitarfélaga, Skólaskýrslu og Félagsþjónustuskýrslu. Í þessum skýrslum eru samandregnar upplýsingar og ýmsar lykiltölur sem settar eru fram á aðgengilegan hátt. Einnig er sérstakt fréttabréf hag- og upplýsingarsviðs gefið út með reglulegu millibili, en þar er að finna ýmsan fróðleik um það efni sem ber hæst á hverjum tíma.



Á myndinni má sjá hluta af þeim upplýsingum sem er að finna á [Upplýsingaveitu sveitarfélaga](#).

SVEITARFÉLÖG

Uppsveitabrosið veitt Guðjóni Bragasyni



Uppsveitabrosið er viðurkenning sem veitt er árlega einstaklingi eða fyrirtæki af oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu til þeirra sem hafa lagt ferðabjónustunni á svæðinu lið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og stuðlað að samvinnu. Markmiðið er að senda út jákvæð skilaboð og vekja athygli á því sem vel er gert. Uppsveitabrosið hefur verið veitt frá árinu 2004 og hafa 11 einstaklingar og tvær stofnanir hlotið viðurkenninguna.

Að þessu sinni hlaut Uppsveitabrosið Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, fyrir samvinnu og ötula

hagsmunagæslu í þágu sveitarfélaga þar sem ferðabjónusta er þýðingarmikil atvinnugrein.

Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu, afhenti Guðjóni viðurkenninguna á samkomu þar sem viðstaddir voru fulltrúar sveitarfélaganna á svæðinu og fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þar sem Uppsveitabrosið er óáþreifanlegt fylgir því ávallt hlutur sem handverks- eða listamaður í Uppsveitunum býr til hverju sinni og í ár var það ljósmyndin „Sólstafr í Hrosshagalandi“ eftir Ívar Sæland, ljósmyndara frá Espiflöt í Biskupstungum.

Af þessu tilefni orti
Björgvin Skafti Bjarnason,
oddviti Skeiða- og
Gnúpverjahrepps:

*Frá þingi lengi er laga von,
sem lítt við skiljum nokkur.
Gott er að Guðjón Bragason
getur bjargað okkur.*

Erlent samstarf í félagsþjónustu

– vinnufundur European Social Network



Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins og Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri í Kópavogi, sóttu ráðstefnuna af Íslands hálfu.

Í nóvember sl. var haldinn vinnufundur á vegum European Social Network (ESN) í Brussel. Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, tók fyrir hönd Sambands Íslenskra sveitarfélaga þátt í vinnufundinum, ásamt Aðalsteini Sigfússyni, félagsmálastjóra í Kópavogi, fyrir hönd samtaka félagsmálastjóra. Heiti fundarins var „Deilum árangursríkri reynslu, mótum framtíð“ (Sharing achievements, shaping our future).

Markmið fundarins var að leiða saman aðila sem skipuleggja, stjórna og veita félagslega

þjónustu í ólíkum löndum, ásamt þeim sem rannsaka og þróa þjónustuna. Það er gert til þess að deila ólíkri reynslu og auðvelda þátttakendum á ráðstefnunni að draga lærdóm hver af öðrum.

Stefnumótun til framtíðar

Á fundinum voru flutt nokkur yfirlitamikil erindi, en jafnframt var unnið í smærri hópum, þar sem fram fóru umræður/samræður á milli fundarmanna um ákveðin málefni innan félagsþjónustunnar. Fundarritari tók saman niðurstöður hópastarfsins sem verða notaðar til stefnumótunar hjá ESN fyrir árin 2014-2017.

Atvinnuleysi – skilyrðingar og krafa um virkni

Atvinnuleysi er stórt úrlausnarefni í mörgum löndum og bar því töluvert á umfjöllun um málefni atvinnulausra og möguleikum fólks til virkrar þátttöku í samfélaginu sem er í takt við umræðu hér á landi. Umræðan snerist aðallega um hvernig hægt væri að virkja einstaklinga á einstaklingsbundinn hátt og tryggja þátttöku allra.

FÉLAGSPJÓNUSTA



Fatlað fólk og aldrað

Jafnframt var fjallað um málefni þeirra einstaklinga sem þurfa varanlega þjónustu frá hinu opinbera og þá er verið að fjalla um bæði aldraða og fatlaða einstaklinga. Fram kom að sammerkt væri með aðildarlöndum ESN að fleiri þurfa á varanlegri þjónustu frá hinu opinbera að halda en færri og færri hendur eru til að sinna verkefnum. Í því samhengi var fjallað um tækninýjungar til þess að bregðast við hluta af þessari áskorun. Til lengri tíma litið er það talið vera vænleg leið til að mæta þessari þróun, þrátt

fyrir að hún geti verið kostnaðarsöm til að byrja með.

Hægt er að skoða nánar skýrslu frá fundinum, ýmsan [fróðleik og skýrslur frá ESN](#), á vef sambandsins.



**European
Social
Network**

Social Services
in Europe

FÉLAGSPJÓNUSTA

Áfram – Nýtt átaksverkefni hjá Hafnarfjarðarbæ

Bæjarstjórn
Hafnarfjarðar
samþykkti á fundi
sínnum þann 19.
mars sl. að efna
til átaksverkefnis
undir yfirskriftinni



HAFNARFJÖRÐUR

„Áfram! Ný tækifæri í Hafnarfirði“. Leiðarljós verkefnisins er virðing – vinna – virkni og er markmið þess að efla einstaklinga á fjárhagsaðstoð til sjálfshjálpar með því að veita þeim stuðning og tækifæri til innkomu eða endurkomu á vinnumarkað.

Betri nýting fjármagns

Tilgangur átaksins er að bæta þjónustu við notendur fjölskylduþjónustu og stuðla að betri nýtingu á því fjármagni sem bæjarfélagið ver til fjárhagsstuðnings í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkefnið byggir á ítarlegri greiningu á núverandi stöðu veittrar fjárhagsaðstoðar á vegum bæjarins og helstu áskorunum og valkostum sem hann stendur frammi fyrir í þeim efnum. Fjölskylduþjónusta bæjarins verður skipulögð með það fyrir augum að

stuðningur sé í ríkari mæli lagaður að stöðu þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem leita eftir aðstoð.

Hlutastarf í stað styrks

Stefnt er að því að í sem flestum tilvikum verði aðstoð veitt til virkni, vinnu og sjálfsbjargar í stað hlutlauss fjárhagsstyrks. Faglegt mat starfsmanna matsteymis fjölskylduþjónustu bæjarins á hagsmunum viðkomandi einstaklings liggur til grundvallar þeim úrræðum sem boðin eru. Öllum umsækjendum um framfærslustyrk sem eru vinnufærir verði boðið hlutastarf í stað styrks. Þetta krefst þess að sköpuð verði 150 hlutastörf til sex mánaða (2/3 starfshlutfall) hjá sveitarfélaginu og einkareknum fyrirtækjum í bænum.

Markmiðið er að ná a.m.k. 100 ráðningum innan ársins. Einstaklingum sem metnir eru óvinnufærir eða með skerta vinnufærni eða ráðningarhæfni verði tryggður möguleiki á aðstoð við endurkomu á vinnumarkað í samstarfi við Vinnumálastofnun, starfsendurhæfingu í samstarfi við VIRK/ Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar,



vímuefnameðferð í samstarfi við SÁÁ eða önnur úrræði eftir þörfum hvers og eins ásamt tímabundnu hlutastarfi samhliða slíkri meðferð eða að henni lokinni eigi slíkt við.

Unnið er að innleiðingu þessara breytinga skv. aðgerðaáætlun þar sem átakið verður

m.a. kynnt fyrir bæjarbúum og fyrirtækjum í bænum. Miðað er við að skráning í starfabanka verkefnisins hefjist af fullum krafti í apríl.



**BETRI
HAFNARFJÖRÐUR**
Hugmyndir - rökræða - flæði
á betrihafnarfjordur.is

SKÓLAMÁL

Heimsókn frá Færeyjum



Ruth Vang hefur starfað í eitt ár sem forstöðumaður Barna- og ungdómsdeildar í Þórshöfn í Færeyjum. Hún kom til Íslands til að taka þátt í ráðstefnunni Cities for Youth í Reykjavík, sem haldin var dagana 19. og 20. mars sl. Ruth ákvað að nota ferðina og kynna sér leikskólastarf á Íslandi og lagði sérstaka áherslu á að fá upplýsingar um það hvernig íslensk sveitarfélög koma til móts við þarfir nútímans í leikskólum, meðal annars með tilliti til stjórnunar, fjármögnunar og úthlutunar leikskólaplássna.

Dagana 17. og 18. mars sl. fór sérfræðingur sambandsins með Ruth í heimsókn í þrjú sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu; Garðabæ, Mosfellsbæ og Reykjavíkurborg. Þar tóku leikskólafulltrúar á móti gestunum og sögðu frá fyrirkomulagi og framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélaginu. Einnig voru þrjár skólar heimsóttir, Leikskólinn Akkrar í Garðabæ, Krikaskóli í Mosfellsbæ og Múlaborg í Reykjavík.

Ruth var mjög ánægð með móttökurnar og uppnumin af því frábæra starfi sem skólaskrifstofurnar og leikskólarnir eru að vinna. Hún sagðist snúa aftur heim full af eldmóði og innblæstri af íslensku leikskólastarfi.



Myndin er af Klöru Eiríku Finnbogadóttur, sérfræðingi hjá sambandinu, Önnu Magneu Hreinsdóttur leikskólafulltrúa í Garðabæ og Ruth Vang.



Endurmenntunarsjóður grunnskóla hefur opnað fyrir umsóknir

Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsir eftir umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla vegna endurmenntunarverkefna skólaárið 2014-2015. Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2014.

Þeir sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir kennara og stjórnendur grunnskóla geta sótt um framlög úr sjóðnum, þar á meðal grunnskólar, skólaskrifstofur, sveitarfélög, símenntunarstofnanir, félög, fyrirtæki og aðrir. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að allt að þriðjungi ráðstofunarfjár verði úthlutað til verkefna sem tengjast:

- Hagnýtt læsi og lesskilningur í öllum námsgreinum
- Þróun kennsluhátta

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, umsóknir sendar á öðru formi verða ekki teknar gildar. Ekki er tekið við viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í umsókninni.

Nánari upplýsingar eru að finna á [vefsíðu Endurmenntunarsjóðs grunnskóla](#).

Höfuðborgarsvæðið verði leiðandi í skólamállum á Norðurlöndunum

Á blaðamannafundi 17. mars voru kynntar niðurstöður tveggja skýrslna sem unnar hafa verið á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í tengslum við Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013. Fyrri skýrslan fjallar um gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði og síðari skýrslan fjallar um samvinnu skólastiga frá leikskóla að háskóla.

Meðal helstu niðurstaðna sem að fram komu í kynningu á fundinum eru:

- Kennarar verði metnir að verðleikum. Efnit til samstarfs við Kennarasamband Íslands og fleiri um aðgerðir til að auka virðingu fyrir kennarastarfinu, samhliða bættum kjörum kennara og aðbúnaði í skólum.
- Bættur árangur í læsi og lesskilningi verði forgangsverkefni næstu ára með það að markmiði að allur þorri nemenda geti lesið sér til gagns fyrir lok þriðja bekkjar.
- Mikill meirihluti nemenda og foreldra er ánægður með starf leikskóla og grunnskóla á

höfuðborgarsvæðinu - ánægjuhlutfall er vel yfir meðaltali Norðurlanda.

- Áhersla á nemendamiðaðan skóla þar sem allir nemendur nái árangri í námi og byggt verði á styrkleikum og aukinni virkni nemenda sem hafi meira sjálfræði og val um eigið nám og námsframvindu. Beitt verði snemmtækri íhlutun í þágu nemenda sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda, til að efla námslega stöðu þeirra til framtíðar.

Nánar um niðurstöðurnar á [vef SSH](#).

- [Tengill á skýrslurnar á vef SSH](#)



SKÓLAMÁL



Gengið frá viðaukasamkomulagi um tónlistarfræðslu

Á fundi stjórnar sambandsins sem haldinn var 21. mars sl. var kynntur viðauki við samkomulag um eflingu tónlistarnáms og um tímabunda breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, dags. 5. mars 2014. Með undirritun viðaukans er tryggt að ríkið greiði sveitarfélögum 520 milljónir króna á yfirstandandi ári til þess að fjármagna stjórnunar- og kennslukostnað vegna nemenda á mið- og framhaldsstigi í söng og framhaldsstigi í hljóðfærleik. Á mótí framlagi ríkisins skuldbinda sveitarfélögin sig áfram til að standa tímabundið straum af verkefnum frá ríkinu og er heildarfjárhæðin 230 milljónir króna líkt og undanfarin ár. Um er að ræða verkefni í skólamálum og málaflokki fatlaðs fólks, auk þess sem

samkomulag um varasjóð húsnæðismála er framlengt um eitt ár, sem tryggir sjóðnum 50 m.kr. á þessu ári. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til staðfestingar á samkomulaginu.

Málið var rætt á fundi skólamálanefndar sambandsins 11. mars sl. og var eftirfarandi bókað: „Skólamálanefnd áréttar að óviðunandi er að hafa málefni tónlistarskólans í óvissu ár eftir ár. Ná þarf sem fyrst ásættanlegri niðurstöðu í viðræðum við ríkið um varanlega verka- og kostnaðarskiptingu í málefnum tónlistarskóla.“

Diplómanám í leikskólafræði



Menntavísindasvið Háskóla Íslands mun haustið 2014 bjóða upp á diplómanám í leikskólafræðum. Um er að ræða tveggja ára 120 eininga fræðilegt og starfstengt nám og er markhópurinn starfsfólk leikskóla sem uppfyllir inntökuskilyrði í grunnnám á háskólastigi. Lögð verður áhersla á að nemendur hljóti fræðilega og starfstengda þekkingu á uppeldi og menntun leikskólabarna og þjálfun í að beita henni á vettvangi. Námið er hægt að stunda í stað- og fjarnámi. Frekari upplýsingar um námið eru að finna á [Kennslukrá 2014-2015](#).

Fækkun í innritun í leikskólakennaranám

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar þessu framtaki Menntavísindasviðs Háskóla Íslands enda hefur það lagt áherslu á að hækka menntunarstig sem flestra starfsmanna í leikskólum, þ. á m. ófaglærðra. Ástæða er til að hafa þungar

áhyggjur af þeirri miklu fækkun sem orðið hefur í innritun í leikskólakennaranám eftir lagasetningu 2008 sem mun torvelða nauðsynlega nýliðun meðal leikskólakennara. Í skýrslunni [Aðgerðir til eflingar leikskólastigsins](#) kemur fram að einungis um þriðjungur starfsfólks á leikskólum hefur leikskólakennaramenntun. Þar segir jafnframt að árið 2041 verði í fyrsta lagi hægt að uppfylla ákvæði laganna um að 2/3 hluti starfsmanna leikskóla séu með leikskólakennaramenntun, að því gefnu að þau 180 námspláss sem háskólarin bjóða á þessari námsleið verði fullnýtt og engin afföll verði. Alls hófu 42 nemendur nám í leikskólakennarafræðum sl. haust og einungis 11 leikskólakennarar munu fyrirsjáanlega útskrifast í vor.



Hækkun menntunarstígs starfsmannaleikskóla

Samkvæmt könnun sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands gerði vorið 2013 á meðal starfsfólks í leikskólum, annarra en leikskólakennara, kemur fram að um 32% starfsfólks hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám en finnst fimm ára nám vera of löng skuldbinding. Þessi nýja námsleið getur því auðveldað fólki að taka það skref að hefja fyrsta áfanga leikskólakennaranáms. Þurfa sveitarfélög með einhverjum hætti að auka svigrúm leikskólastjóra frekar til hvatningar og

stuðnings við starfsfólk þeirra til náms. Fyrirhugað diplómanám er ein leið til að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla sem mun án efa skila sér í auknum gæðum í skólastarfinu og fagmennsku og um leið styrkja leikskóla sem áhugaverða vinnustaði sem ætti að vera kappsmál sveitarfélaganna.

Sveitarfélög eru hér með hvött til þess að búa starfsmönnum leikskóla þannig starfsumhverfi að þeim verði gert kleift að sækja sér viðbótarmenntun.



Um mikilvægi raddbeitingar í kennaranámi

Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Valdís Jónsdóttir, radd- og talmeinafræðingur, hafa hafið samstarf um að bæta hljóðvist og draga úr hávaða í skólum og vekja athygli á mikilvægi raddverndar og raddbeitingar. Er það gert á grundvelli bókunar með kjarasamningi Félags leikskólakennara og sambandsins frá 2011 og samhljóða bókun sömu aðila frá árinu 2006. Telja samstarfsaðilar að bjóða ætti upp á fræðslu um rödd, raddbeitingu og raddvernd, bæði í grunnnámi kennaranema og á námsskeiðum fyrir starfandi kennara. Aðkoma kennaramenntastofnana í þeirri baráttu er mikilvæg og hafa samstarfsaðilar sent þeim bréf þar um.

Rödd, hlustun og umhverfi þurfa að vinna saman

Í samspili raddar, hlustunar og umhverfis í skólum er þekkingarleysi ef til vill einn helsti skaðvaldurinn. Kennari þarf að kunna á atvinnutæki sitt, röddina, og vita hvað getur skaðað það. Rödd kennarans þarf að vera áheyrileg og geta gegnt ætlunarverki sínu, nemandinn þarf að hafa gagn af hlustun og umhverfið má ekki spilla þar fyrir. Reyndin er hins vegar sú að alltof oft vinna þessir



þrír þættir - rödd, hlustun og umhverfi - illa saman. Röddin er atvinnutæki kennara og hana þarf að vernda. Rannsóknir hafa sýnt að helmingi fleiri kennarar kvarta undan raddvandamálum miðað við aðrar stéttir. Kennarar skipa efstu sæti þeirra sem leita til læknis vegna raddvandamála og óþæginda þeim tengdum. Þá segjast um 20% kennara hafa þurft að taka veikindaleyfi vegna raddmeina miðað við 4% þeirra sem starfa ekki sem kennarar.

Er það einlæg von samstarfsaðila að með umræðu og átaki muni árangur nást í baráttu við hávaða í námsumhverfi barna og verndun raddheilsu kennara.

- Á vef Kennarasambands Íslands er að finna [fræðslumyndband um raddvernd](#).
- Á vef Vinnueftirlitsins er að finna [bækling um raddheilsu kennara](#).

KJARAMÁL

Vegna tillögu samninganefndar sambandsins til Félags grunnskólakennara

Vegna fréttáflutnings af samningaviðræðum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag grunnskólakennara (FG), vill samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur aldrei lagt fram tilboð til Félags grunnskólakennara um skammtímasamning með 2,8% launahækkun.

Þann 13. mars sl. lagði samninganefndin fram tillögu til félags grunnskólakennara að nýjum kjarasamningi. Í tillögu nefndarinnar er megináherslan lögð á að aðlaga vinnutímaákvæði kjarasamnings grunnskólakennara að breyttum kröfum til skólastarfs og færa hann nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði. Gildistími kjarasamningsins yrði frá 1. mars 2014 til 30. nóvember 2017 og grunnlaun grunnskólakennara myndu hækka verulega á samningstímanum. Lögð

er sérstök áhersla á að kennarar skili vinnuskyldu sinni í skólunum á dagvinnutíma.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga bindur vonir við að á næstu vikum nái aðilar saman kjarasamningi á þessum nótum, sem verði kennurum og skólastarfi til mikilla hagsbóta.



UMHVERFISMÁL

Frumvarp um mat á umhverfisáhrifum lagt fram á Alþingi



Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur lagt fram [frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum](#). Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins. Frumvarpið á sér nokkurn aðdraganda þar sem það hefur í tvígang verið lagt fram á Alþingi án þess að hljóta endanlega afgreiðslu. Nú er frumvarpið lagt fram með nokkrum efnislegum breytingum sem m.a. eru í samræmi við tillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er gerð tillaga að breyttri uppsetningu viðauka þannig að í stað þriggja viðauka í núgildandi lögum verða tveir viðaukar þar sem framkvæmdir samkvæmt núgildandi 1. og 2. viðauka eru flokkaðar saman í einn viðauka, framkvæmdirnar eru númeraðar og tilgreint er hvort viðkomandi framkvæmd falli í flokk A, B eða C. Framkvæmdir í A-flokki eru alltaf matsskyldar en framkvæmdir í B- og C-flokkum eru tilkynningarskyldar.


Þegar framkvæmd í flokki C er háð framkvæmda- eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki, að undanskildum leyfum þeim sem Mannvirkjastofnun veitir, skal framkvæmdaraðili tilkynna framkvæmdina til leyfisveitanda framkvæmdarinnar. Skal sveitarstjórn taka ákvörðun um hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út. Tilkynningum til ákvörðunar um matsskyldu mun fjölga ef frumvarpið verður að lögum enda eru þær framkvæmdir sem falla í flokk C hrein viðbót

við þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í núgildandi lögum.

Niðurstaða kostnaðarmats er sú að verði frumvarpið að lögum muni heildarútgjöld sveitarfélaga aukast vegna yfirferðar og málsmeðferðar umsóknna um tilkynningar vegna framkvæmda í flokki C. Nemur sá útgjaldaauki á bilinu 4–6 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að hrein útgjaldaaukning sveitarfélaga verði mun minni því gert er ráð fyrir að þessi kostnaður verði innheimtur hjá tilkynningarskyldum framkvæmdaraðilum með gjaldtöku.



Akureyri og Reykjavíkurborg þátttakendur í norrænu jafnréttisverkefni



Dagskrá fyrstu vinnustofu verkefnissins undirbúin.

Norrænu sveitarfélagasamböndin hafa fengið styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til að vinna að jafnréttisverkefni meðal sveitarfélaga. Sveitarfélög sem eru í fararbroddi í jafnréttisstarfi munu taka þátt í verkefninu. Verkefnið hefur tengsl við Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum og héruðum sem sex íslensk sveitarfélög hafa undirritað. Meðal væntanlegra þátttakenda verða Árhús og Roskilde í Danmörku, Kristiansand og Lillehammer í Noregi, Umeå og Malmö

í Svíþjóð og Helsinki og Turku í Finnlandi. Akureyri og Reykjavíkurborg munu taka þátt frá Íslandi. Markmið verkefnissins er að bera saman jafnréttisstefnur sveitarfélaganna, safna upplýsingum um fyrirmyndarverkefni sem geta nýst öðrum sveitarfélögum og mynda samstarfstengsl á milli landanna. Haldnar verða þrjár vinnustofur þar sem sveitarfélögin kynna jafnréttisstarf sitt og bera saman bækur sínar. Sú fyrsta verður haldin í Malmö 11.-12. júní í tengslum við stóra norræna jafnréttisráðstefnu:

JAFNRÉTTISMÁL

2 Gender equality
is created in everyday life



Sustainable Gender Equality - a film about gender mainstreaming in practice

from Jamstall.nu PLUS 5 months ago NOT YET RATED

Smelltu á myndina til að sjá myndband sænska sveitarfélagasambandsins um samþættingu kynjasjónarmiða í starfsemi sveitarfélaga.

Nordiskt Forum2014. Áherslan verður á samþættingarverkefni, af hverju eigi að beita samþættingu í starfsemi sveitarfélaga og hvernig sé hægt er að nota þá

aðferðarfræði til að bæta þjónustu. Þessi mynd sem sænska sveitarfélagið hefur látið gera skýrir það reyndar betur en mörg orð.



Sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014

Á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, með síðari breytingum, fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram 31. maí 2014. Kosið verður í 74 sveitarfélögum en í kosningunum 2010 voru sveitarfélögin 77. Strax að loknum kosningum sameinuðust sveitarfélögin Arnarneshreppur og Hörgárbyggð í Hörgársveit, Bæjarhreppur í Strandasýslu sameinaðist Húnaþingi vestra 1. janúar 2012 og Sveitarfélagið Álftanes sameinaðist Garðabæ 1. janúar 2013.

Framboðsfrestur til 10. maí

Frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi er til kl. 12 á hádegi laugardaginn 10. maí 2014. Leiðbeiningar fyrir þá sem hyggjast bjóða fram lista má finna á [vef innanríkisráðuneytisins](#).

Þá er rétt að vekja athygli á því að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst laugardaginn 5. apríl og er kjósanda heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar til kjördags 31. maí. [Leiðbeiningar um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar](#).

Á [kosningavefnum](#) má einnig fá svör við ýmsum spurningum sem snúa að framboðum og [kjósendum](#).



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2014/11

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*